



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Alþingi Bjarni Benediktsson.

Endurskoðar fjármálaáætlun

Viðbúid er að atvinnuleysisbætur á þessu ári muni rjúka upp og verða mörgum milljörðum hærrí en gert hafði verið ráð fyrir. Þetta sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á Alþingi í gær í svari við fyrirspurn frá Oddnýju G. Harðardóttur, þingflokksformanni Samfylkingarinnar, um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Benti Oddný á að von væri á fjármálaáætluninni í næstu viku og yrði henni væntanlega mikið breytt í ljósi „óhagstæðrar hagspár sem Hagstofan kynnti á dögunum“.

„Það sem við erum að glíma við núna, eftir að ný hagspá var birt á föstudaginn, er mesta breyting í hagvexti sem við höfum séð í áratugi þegar hrúnið er tekið til hlíðar, þ.e. það er mesta breyting til hins verra á milli spágerða. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er sú hvort mér beri ekki hreinlega, og ég hallast að því, að koma með nýja fjármálastefnu sem markar þá spörin fyrir framtíðina,“ sagði Bjarni.

Margir hópar eru óánægðir

● Forsvarsmenn Rithöfundasambands Íslands segja erfitt að ætla að stýra úthlutunum ritlauna ● Glæpasagnahöfundar ósáttir ● Gerum ekki upp á milli höfunda

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Við erum alla daga að skoða kjör rithöfunda og auðvitað styðjum við glæpasagnahöfunda ef þeir vilja bæta sína stöðu. Við getum hins vegar ekki haft áhrif á úthlutanir starfslauna, hverjir fá laun og hversu oft. Það væri óeðlilegt. Það verður að vera traustur eldveggur á milli úthlutunarnefndar og okkar,“ segir Karl Ágúst Úlfsson, formaður Rithöfundasambands Íslands.

Gagnrýna skort á framlögum

Morgunblaðið greindi í gær frá óánægju glæpasagnahöfunda með skort á opinberum stuðningi við höfunda í þeirri grein bókmenntanna. Metsöluhöfundarnir Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson bentu þar á að glæpasagnahöfundar hafa aðeins fengið 0,63% af listamannalaunum úr launasjóði rithöfunda síðasta áratug. Eins gagnrýna þau skort á framlögum til þýðinga glæpasagna og benda á að ungur glæpasagnahöfundur hafi aldrei hlotið nýræktarstyrk.

Allt heyrir þetta að einhverju leyti undir Rithöfundasambandið því þriggja manna úthlutunarnefnd launasjóðs rithöfunda er skipuð samkvæmt tillögum RSÍ. Þá eru tveir af fimm stjórnarmeðlimum Miðstöðvar



Morgunblaðið/Rósa Braga

Bækur Glæpasagnahöfundar eru óánægðir með skort á opinberum stuðningi. Þeir telja að ungir glæpasagnahöfundar eigi erfitt með að fóta sig.

islenskra bókmennta, sem úthlutar m.a. þýðingarstyrkjum og nýræktarstyrkjum, skipaðir af sambandinu.

Gerum ekki upp á milli barnanna

„Það eru mjög margir hópar sem eru ekki ánægðir með sinn prósentuhlut, til að mynda barnabókahöfund-

ar og þýðendur. Mér vitanlega hefur aldrei verið rætt í fullri alvöru að taka upp kvótaskiptingu. Það hefur aldrei nokkurn tímann verið neinn vilji til þess,“ segir Ragnheiður Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Rithöfundasambands Íslands.

Hún segir að líta verði til þess að aðeins séu ein lög um listamanna-



Ragnheiður Tryggvadóttir

Karl Ágúst Úlfsson

laun, ekki séu sérstök lög um rithöfundalaun. Ef gera ætti breytingar þyrftu þær breytingar að ná yfir alla launasjóðina. „Þau félög sem tilnefna í úthlutunarnefndir hafa ekki eitt einasta umboð til að vera með puttana í úthlutuninni sjálfri. Það er sjálfsgagt að rithöfundar hafi skoðun á þessu en við getum ekki ákveðið áherslur í úthlutun. Þá værum við farin að gera upp á milli barnanna okkar.“

Vill verðlauna glæpasögur

Yrsa setti fram þá hugmynd í samtali við Morgunblaðið í gær að glæpasögur yrðu verðlaunaðar í sérstökum flokki á Íslensku bókmenntaverðlaunum. Karl Ágúst telur þá hugmynd góðra gjalda verða. „Það er bara ekkert að því. Mér finnst að við eigum að sýna rithöfundum sem mestan sóma, sama í hvaða grein sem það er.“

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2019, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. maí 2019 og önnur gjaldfallin álgöð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2019, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjald, bifreiðagjald, úrvinnslugjald, olíugjald, kílómetragjald, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjald, vörugjald af innlendri framléiðslu, vörugjald af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjald, skipagjöldum, jarðarafgjald, sektum skattransóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álgöðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. maí 2019

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Morgunblaðið/sisi

Kolagata Hin nýja göngugata er fullkláruð. Horft í áttina að Kolaportinu.

Hægt er að ganga Kolagötuna á enda

Samfara hinna miklu uppbyggingu á Hafnartorgi í Kvosinni í Reykjavík hafa orðið til tvær nýjar göngugötur, Kolagata og Reykjastræti.

Kolagata er nú fullkláruð. Hún liggur eftir endilöngu torginu, frá vestri til austurs. Hún nær frá Tollhúsinu (Kolaportinu) að Lækjargötu/Kalkofnsvegi, gegnt Arnarhóli. Þar er m.a. að finna verslun H&M og fleiri verslanir verða opnaðar þarna síðar meir. Kolagata mælist 136 metrar í Borgarvefsjá.

Tillaga að nafninu kom frá nafnnefnd Reykjavíkur með tilvísun til þess að þarna hafi kolum verið skipað

á land fyrir á árum. Þá stóð kolakraninn Hegri skammt þar norðan við. Hann var reistur 1927 og rifinn 1968.

Reykjastræti nær frá Hafnarstræti alveg norður að Hörpu. Það liggur milli stórhýsa sem risið hafa á Hafnartorgi og einnig milli stórhýsa sem nú eru í byggingu á Hörpulóðinni. Eru það annars vegar íbúðarhús og Marriott Edition Hótel, fimm stjörnu glæsihótel, og hins vegar nýbygging Landsbankans. Hið nýja stræti verður tilbúið þegar Landsbankahúsið verður fullbúið. Nafnið vísar til heitis höfuðborgar Íslands, Reykjavík. sisi@mbl.is.